

Reykjavík, 29.11.2023



Íslandsdeild Transparency International þakkar fyrir tækifærið til umsagnar á frumvarpi um breytingu á lögum um starfsemi stjórnmalasamtaka, nr. 162/2006 (framlög hins opinbera til stjórnmalastarfsemi) en getur ekki lýst yfir stuðningi við þær breytingar sem hér eru lagðar til.

**Íslandsdeild ítrekar fyrri umsögn við sama frumvarp frá 15.03.2023.** Það er mat Íslandsdeildar að frumvarpið þurfi umtalsverða vinnu svo tækt sé að Alþingi verji eiginlegum tíma í málið og enn síður er frumvarpið til þess fallið að draga úr spillingaráhættu, styrkja starfsemi hreyfinga, auka yfirsýn með því hvernig opinbert fé er notað eða virkja almenning til stjórnmalastarfs. **Íslandsdeild varar við frumvarpinu en lýsir að vanda yfir vilja til að koma að eða veita umsögn um hvernig styrkja megi núverandi löggjöf og baráttuna fyrir gagnsæi, heilindum og lýðræði gegn spillingu.**

Íslandsdeild vill þó bæta við þær upplýsingar sem komu fram í umsögn síðasta þingárs. Á liðnu ári hefur almenningur verið upplýstur um umtalsverðan fjölda einstaklinga með stöðu grunaðra vegna tilrauna til að bjóða mútur og/eða gruns um viðtöku slíkra greiðsla. Málin tengjast ekki öll innra starfi stjórnmalasamtaka en þó eru dæmi um grun um tilboð til kjörinna fulltrúa. Það einkennir fréttáflutning að svo virðist sem stjórnmalaflokkar hafi almennt ekki mótað sér reglur um hvernig tryggja á að tilkynningar um slíkar tilraunir komi fram og ekki er að finna í reglum um fjármál stjórnmalasamtaka krafa um að slíkar reglur séu til staðar þrátt fyrir að ríkisstyrktir séu virðukenning á hlutverki flokkanna í lýðræðissamfélagi. Ekki má viðgangast að fulltrúar stjórnmalasamtaka hafi enga þekkingu eða fræðslu fengið um hvernig bregðast skuli við tilraunum til að múta og enn síður að hið opinbera fjármagni flokka sem hafa svo illa sinnt vörnum gegn spillingu að fulltrúar þeirra taki vegna þekkingaleysis þátt í að hylma yfir grun svo árum skipti.

Fyrir hönd Íslandsdeildar